



Skólaráðsfundur 19.3.2026

Mættir: Inga, Magga, Berglind, Fjóla, Ýmir Míó, Hilmar, Jessica, Hildur, Hólmfríður, Helga Huld

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2026-2027 – kynnt og samþykkt
2. Skólalóðin, bílar eru að keyra inn á lóðina þó svo að mikið að börnum séu úti að leika sér, þetta eru bæði foreldrar barna í leik og grunnskólanum. Stjórnendur hafa verið að fá ábendingar í íbúagáttina og fólk hefur kvartað beint í skólann. Stjórnendur hafa ítrekað óskað eftir því að brugðist verði við og settar verði upp hindranir til að koma í veg fyrir slys á börnum. Óskað er eftir að skólaráð skrifi undir áskorun um að settir verði upp stólpar eða hlið til að loka fyrir umferð. Skólaráð samþykkti að skrifa undir. Skólustjóri sendir áfram á framkvæmdasvið. Rætt var um að hellur við bílastæði fyrir fatlaða séu skakkar og lausar. Það getur verið hættulegt að hafa þær svona því þarf að óska eftir að gert verði við þær.
3. Matsferill – búið að leggja fyrir alla árganga nema einn, skólinn fékk lánaða 70 ipada til að geta lagt prófið fyrir og gekk fyrirlögn að mestu vel. Skoða þarf aðstæður fyrir næsta skólaár því ekki var hægt að leggja prófið fyrir út í 4.bekk út af lélegu netsambandi.
4. Foreldrarölt – okkur langar að koma því aftur af stað, hvað þarf til? Lýsingu ábótavant á lóðinni. Rætt um hvort hægt sé að koma því við að að nemendur fái stig ef foreldrar mæta í röltið og sá árgangur sem stendur sig best fær pizzuveislu fyrir nemendur. Deildarstjóri tómstundamiðstöðvar er til í þetta og verður það kynnt fyrir foreldrum strax í haust fyrir næsta ár og fáum foreldrafélagið með okkur í lið.
5. Loftræsting og loftgæði - matsalur og hljóðvist. Unnið er að úttekt á loftgæðum og búið er að fá verkfræðistofu í verkið. Einnig er búið að fá verktaka til að bæta hljóðvist í matsalnum en farið verður í það í sumar þegar skólinn líkur störfum.
6. Næsti vetur – gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi við skólann þó svo að hætt hafi verið að taka inn nemendur í 1. til 4. bekk núna um áramótin. Þó er gert ráð fyrir að teknir verði inn nemendur í 1. Bekk fyrir næsta haust þar sem of margir nemendur yrðu annars í Hraunvallaskóla en þeir taka á móti nemendur í 1. til 4.bekk sem búa í Hamranesi þar til Hamranesskóli tekur til starfa.
7. Þemavika – er í næstu viku og þemað er Hafnarfjörður bærinn minn. Boðið verður upp á sýningu fyrir foreldra og aðra ættingja á föstudeginum milli kl 9 og 11.
8. Mílan – könnun meðal nemenda og starfsmanna sem lögð var fyrir á vorönn 2026 – Helga Huld kynnti niðurstöður sem verða kynntar fyrir starfsfólki og nemendum á næstu vikum. Hefur ekki verið reglulegt í unglिंगadeild en kennarar hefðu áhuga á því. Hægt að stoppa upp í göt i unglिंगadeild, mögulega hægt að taka þetta af vali. Hægt að nota til að kynnast hverfinu. Væri gott að ganga míluna með nýju starfsfólki til að allir séu öruggir um leiðina frá upphafi.



9. önnur mál

- a. klósett – börn halda í sér og vilja ekki fara á salernið. Er hægt að auka við þrif? Málið verður skoðað.
- b. Bleyta á gólfi – fá starfsmenn og foreldra til að fara úr skóm við útihurðir. Setja upp myndir eða veggspjöld þar sem allir eru beðnir um að fara úr skóm.
- c. Er hægt að fá meira fjármagn inn í skólann, spurning hvað kemur út úr úthlutunarfundi.
- d. Læstur aðgangur inn á tónlistarskólagang? Er hægt að læsa inn í tónlistarskólann þar sem unglingar eru mikið að laumast þar inn og fela sig þegar þau eiga að vera í tímum eða frímínútum. Unglingar tala um að þeim finnist gott að fara á salernið þar.
- e. Opna salerni hjá matsal? Salernin hafa verið lokuð í nokkra mánuði þar sem umgengi um þau var mjög slæm og mikið um skemmdarverk. Nú óska nemendur eftir því að við förum að opna þau aftur. Málið verður tekið fyrir á stjórnendafundi fljótlega.

Fundur slitið 16.05

Ingibjörg Magnúsdóttir